

Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um nefskatt og RÚV.

1. *Hversu mikið hafa einstaklingar og fyrirtæki greitt árlega í nefskatt vegna RÚV, frá því að gjaldið var tekið upp?*

Í meðfylgjandi töflu má sjá innheimtar tekjur af útvarpsgjaldi árin 2009 og 2010 skipt niður á einstaklinga og lögaðila.

	2009	2010*
	m.kr	m.kr
Einstaklingar	2.809	3.005
Lögaðilar	334	424
Samtals	3.143	3.429

* Bráðabirgðatölur

2. *Hversu há hafa framlög úr ríkissjóði til RÚV verið á sama tíma?*

Framlag til Ríkisútvarpsins ohf. (RÚV) úr ríkissjóði var 3.575 millj. kr. árið 2009 samkvæmt ríkisreikningi. Þess ber að geta að á árinu 2009 var eigið fé stofnunarinnar uppuríð. Ríkissjóður afskrifaði þá og færði til gjalda 563 millj. kr. af eignarhlut sínum og fékk RÚV eiginfjárframlag sem nam afskriftinni. Framlög til RÚV voru því samtals 4.138 millj. kr. á árinu 2009. Samkvæmt bráðabirgðatölum var framlag ársins 2010 3.158 millj. kr.

3. *Hvað er gert við mismuninn af nefskattinum og beinum framlögum úr ríkissjóði til RÚV, ef einhver er?*

Í ársbyrjun 2009 var útvarpsgjaldið tekið upp. Það er almennur skattur og rennur því beint í ríkissjóð. Útvarpsgjaldið er ekki markað RÚV eins og afnotagjaldið var. RÚV fær framlög úr ríkissjóði sem ákveðið er í fjárlögum og er ekki bein tenging á milli þess og tekna af útvarpsgjaldi.

4. *Hve margir hafa starfað hjá RÚV árin 2000–2011?*

Í eftirfarandi töflu má sjá fjölda greiddra ársverka hjá RÚV árin 2000–2010. Þar sem tölurnar miðast við ársverk þá liggja ekki fyrir upplýsingar um árið 2011 en fjöldi starfandi hjá RÚV í janúar í ár voru 284. Fjölgun ársverka árið 2006 er vegna þess að verktakar, sem starfað höfðu fyrir RÚV, voru ráðnir sem starfsmenn en fjölgun greiddra ársverka árið 2007 er vegna biðlaunaréttar sem varð virkur þegar RÚV breyttist í opinbert hlutafélag.

	Greidd ársverk*
2000	348
2001	328
2002	304
2003	310
2004	311
2005	308
2006	330
2007	353
2008	345
2009	306
2010	297

* Upplýsingar vegna áráanna 2000–2007 eru fengnar úr launavinnslukerfi Fjársýslu ríkisins og miðast við greidd ársverk í dagvinnu. Upplýsingar vegna áráanna 2008–2010 eru fengnar frá RÚV og miðast einnig við greidd ársverk í dagvinnu.